



Fundargerð 170. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 8. desember kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Tinna Magnúsdóttir, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Agnar Ólason, Helgi Már Sigurgeirsson og Pétur Freyr Jónsson. Símon Guðvarður Jónsson.

Dagskrá:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 169
2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.
3. Fjárhagsáætlun - Fjárhagsáætlun VM, 2023
4. Fundur IndustriAll
5. Heimasíða.
6. Aðalfundur/Stjórnarfundir 2023
7. Önnur mál og nefndir starfsmanna VM

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 169

Fundargerð 169. fundar samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.

Vegna viðræðna um Almenna kjarasamning VM við SA hafa sjö fundir verið haldnir undanfarið hjá sáttasemjara. Starfsgreinasambandið hefur undirritað samning og nú starfar samflot iðnaðarmanna með VR. Taxtaumhverfi VR og iðnaðarmanna eru áþekk en hlutfallslega raðast stærri hópur hjá VR á neðri launaflokkana. Rætt er um krónutölur, prósentur og krónutöluhámark en ekki komin niðurstaða um viðmið þar. Viðræður hafa einnig verið um yfirvinnu 1 og 2, viðmið um verðlagsþróun og 36 stunda vinnuviku. Einnig rætt um viðræðuáætlun um lengri samning, sem taka mun við af styttri samningi ef slíkur samningur verður gerður.

Einn fundur var vegna viðræðna við SFS um kjarasamning vélstjóra á fiskiskipum. Formaður sagði frá því að sú skoðun virðist uppi að eina leiðin til að mjaka viðræðum við SFS áfram er ef krafa sjómanna um sömu greiðslur í lífeyrissjóð og aðrir hafa, fari út. Hann er aftur á móti með vissu fyrir því að einungis þrjár stærstu útgerðirnar eru á móti því að hækka greiðslur í lífeyrissjóð en flest önnur fyrirtæki telja mögulegt að verða við þessari kröfu.

3. Fjárhagsáætlun VM 2023

Félagsgjöld eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir og munar þar mestu um aukin félagsgjöld af sjómönnum á fiskiskipum. Áætlun um tekjur félagssjóðs var 285 milljónir en líkindi eru fyrir því að þær verði 326 milljónir.

Rætt var um auknar leigutekjur m.v. áætlun, þóknun sjóða til reksturs skrifstofu og kostnað af veru VM í ASÍ.

Kostnaður féll á félagið vegna málsóknar um útköll á bakvakt hjá fyrirtæki á Selfossi. Málið þótti fordæmisgefandi svo félagið sótti það fyrir félagsmann, en málið tapaðist.

Formaður sagði frá því að fundir með endurskoðanda um undirbúning ársskýrslu væru að hefjast.



Áætlunin var samþykkt með athugasemd um kostnað vegna Húss fagfélaganna.

4. Fundur IndustriAll.

IndustriAll, sem er samband iðnfélaga í Evrópu, fundar tvisvar á ári. Fulltrúar VM sótt fundina fyrir hönd VM og Samiðnar. Í umræðum á fundinum kom fram að um 40% Evrópubúa ná ekki endum saman og er hækkun orkuverðs aðalástæðan, einnig að aldrei hefur verið eins mikið um verkföll í Evrópu núna. Að öðru leyti er það sama uppi á teningun þar og er hér s.s. húsnæðiskostnaður og umræður um leigubremsu og hömlur á uppsagnir. Lágmarkslaun í Evrópu eru einnig í umræðunni. Þar er mótstaða frá Norðurlöndunum, sem eru (eins og hér) með lagmark í kjarasamningum. Þessi umræða fór af borðinu þar sem fleiri þjóðir voru á móti.

5. Heimasíða.

Ný heimasíða VM í vinnslu og verður opnuð á væntanlegum fundi Fulltrúaráðs VM seinna í mánuðinum (desember 2022).

7. Önnur mál.

GHP óskað eftir samþykki um að fyrsti varamaður Símon Guðvarður Jónsson, sem var í 9. sæti í síðasta stjórnarkjöri VM og því fyrsti varamaður, kæmi í stjórn VM vegna brotthvarfs Snæfríðar Einarsdóttur úr stjórn. Eftir að hafa leitað ráða hjá lögmönnum ASÍ er það niðurstaða að ekki þurfi að fjölga varamönnum í stjórn. Og var það samþykkt.

Ákveðið var að aðalfundur VM verði haldinn föstudagur 24. mars 2023 og að stjórnarfundir árið 2023 verði: 26. janúar, 16. febrúar og fimmtudaginn 16. mars (og þá farið yfir ársreikningana), 27. apríl og 25. maí.

Umræður voru um umboð trúnaðarmanna eftir dóm trúnaðarmans Eflingar. Félagið þarf að fara í vinnu með trúnaðarmönnum svo þeir endurnýji umboð sitt.

Einnig að endurskoða þurfi rétt í fræðslusjóði þar sem námskostnaður hafi hækkað.

Formaður óskaði eftir samþykki fyrir því að þeim fulltrúm í samninganefnd við SA verði greitt fyrir vinnutap vegna setu á fundum hjá Sáttasemjara. Greiðslur verði með sama hætti og tíðkast hefur og var það samþykkt.

Óskað hafði verið eftir samantekt um nefndir sem starfsmenn VM starfa með.

Guðni Gunnarsson.

Nefndir fyrir hönd VM

Orlofsnefnd VM

Starfsgreinaráði málmætkni, vélstjórnar-og framleiðslugreina

Kjörnefnd ASÍ.

Varamaður í stjórn Félagsmálaskólans (ASÍ)



Stjórn orlofsbyggðarinnar í Ölfusborgum
Stjórn Furulundar 8 (orlofsíbúðir Akureyri)
Sit í stjórn húsfélags Stórhöfða 21-31
Sit í fulltrúaráði launamanna Birtu.
Sit í stjórn fulltrúaráði launamanna Birtu.

Halldór Arnar Guðmundsson

Starfsgreinaráð málmækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinum

Ráðherra skipar í ráðin til fjögurra ára í senn. Félögin tilnefna í ráðin gegnum ASÍ.

Halldór og Guðni eru í starfsgreinaráðinu. Síðast skipað 2019. ASÍ og SA tilnefna sína fulltrúa.

Fulltrúar launamanna og atvinnurekanda skipta með sér formennsku. Í raun hefur rekstur ráðsins verið hjá VM í góðri samvinnu við fulltrúa atvinnurekanda.

Iðan Fræðslumiðstöð

Halldór verður varamaður og áheyrnafulltrúi í stjórn Iðunnar næsta árið.

Fagråd málm- og véltæknigreina. Innan Iðunnar starfa fimm fagråd sem hver hluthafi í viðkomandi iðngreinaflokki skipar fulltrúa í. Einn eða fleiri eftir ákvörðun fagráða hverju sinni til tveggja ára í senn.

Ríkið

Undanþágunefnd – varamaður. Innviðaráðherra skipar í undanþágunefnd til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Tveir eru tilnefndir af SFS. Félag skipstjórnarmanna og VM tilnefnd sitt hvorn og aðra til vara ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Mönnunarnefnd – varamaður, skipað er í nefndina með sama hætti og í undanþágunefnd.

Samkvæmt nýjum lögum um áhafnir skipa sem taka á gildi nú um áramótin verða undanþágu- og mönnunarnefnd lagðar niður.

Úrskurðarnefnd – varamaður. Sjávarútvegsráðherra skipar í nefndina. Sjómannafélögin, SFS og Landssamband smábátæiganda tilnefna sína fulltrúa og varamenn

ASÍ: Umhverfis og neytendanefnd. Félög og sambönd tilnefna í nefndir ASÍ

Guðmundur Helgi Þórarinnsson.

ASÍ: Aðalmaður í miðstjórn fyrir beina aðild.

Aðalmaður fyrir Beina aðild í Efnahags- og skattanefnd og Lífeyris-, heilbrigðis og trygginganefnd.

Samgöngustofa: Aðalmaður fyrir VM í Mönnunar- og Undanþágunefnd

Verðlagsstofa: Úrskurðarnefnd – aðalmaður, fyrir VM

Lífeyrissjóðir, sit í fulltrúaráði Gildis og Birtu fyrir VM

Sjómannadagsráð: Sit í fulltrúaráði og varamaður í stjórn, fyrir VM

Skjól hjúkrunarheimili í fulltrúaráði fyrir ASÍ

Vinnuhópur um endurskoðun skipulagsskrár Skjólshjúkrunarheimilis, fyrir ASÍ

Fiskifélag Íslands í fulltrúaráð fyrir VM

Samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu: Skipað af Matvælaráðherra, var varamaður er að taka við sem aðalmaður

Hús Fagfélaganna: Sit í stjórn, fyrir VM

Óskað var eftir nánari upplýsingum um skipunartíma starfsmanna og félagsmann í nefndir.



Stjórnarmanni hafði borist kvörtun frá sjómanni um að til þess að sækja um orlofshús þurfi umsækjendur að vera í netsambandi. Úthlutunartímabil (sumar og páska) eru vel auglýst og standa alltaf í einhvern tíma svo t.d. sjómenn ættu að komast í netsamband á tímabilinu. Heyrst hefur af vandræðum með rafræn skilríki í síma.

Spurt um nemapláss á skipum og sagt frá áhuga útgerðarmanna í Eyjum.

Spurt um fundargerðir stjórnar Fagfélaganna

Fundi slitið kl. 14:55

Fundagerð ritaði Halldór Arnar Guðmundsson